

AUGLÝSING

um staðfestingu á heiti sveitarfélagsins Húnabyggðar.

Með vísan til 5. gr. og 124. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 og staðfestingar innviðaráðuneytisins frá 25. mars 2022 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. auglýsingu nr. 357/2022, og að fenginni umsögn örnefnanefndar, hefur innviðaráðuneytið staðfest ákvörðun hins sameinaða sveitarfélags Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps um nýtt heiti sveitarfélagsins.

Nýtt heiti sveitarfélagsins er Húnabyggð.

Innviðaráðuneytinu, 6. október 2022.

F. h. r.
Ragnhildur Hjaltadóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. október 2022